

Viljayfirlýsing

Um uppbyggingu heildrænnar þjónustu við aldraða í Hafnarfirði

Velferðarráðuneytið og Hafnarfjarðarbær lýsa yfir vilja sínum til að fylgja eftir sameiginlegri stefnumótun frá árinu 2006 um þróun heildrænnar þjónustu við aldraða í Hafnarfirði með eftirfarandi hætti á árunum 2013-2016.

a. Miðstöð öldrunarþjónustu á Sólvangi

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði með bréfi dagsettu 31. október 2005 nefnd til að gera tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði í samvinnu við bæjaryfirvöld þar. Nefndinni var ætlað að fara yfir stöðu öldrunarmála, meta þörf fyrir öldrunarþjónustu í Hafnarfirði og byggja tillögur sínar um verkefni og uppbyggingu til næstu 10 ára á því mati.


Lagði nefndin meðal annars til að nýting húsnæðis Sólvangs yrði endurskoðuð til framtíðar miðað við breytt hlutverk á sviði öldrunarþjónustu sem m.a. gæti falist í rekstri dagvistar, rúmunum til hvíldarinnlagna og skammtímainnlagna aldraðra sem eru að ná sér eftir sjúkráhusvist, rekstri endurhæfingarrýma og annarrar sérhæfðrar öldrunarþjónustu. Auk þess að hýsa stjórnstöð félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar og miðlæga upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu um alla öldrunarþjónustu í bæjarfélaginu. Á þeim grundvelli var tekin ákvörðun um að hefja undirbúning að byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Völlum í Hafnarfirði.

Nú þegar undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis er hafinn og fyrir liggja áætlanir um hvenær það mun taka formlega til starfa þá er mikilvægt að samhliða sé hugað að breyttu hlutverki Sólvangs og þeirri þjónustu sem þar hefur verið stefnt að. Af hálfu velferðarráðuneytisins er hér með lýst yfir vilja til að skipa stýrahóp sem falið verði að gera tillögur að fyrirkomulagi þjónustunnar og samþættingu hennar fyrir árslok 2013.

b. Bygging og rekstur nýs hjúkrunarheimilis við Hádegisskarð

Árið 2010 gerðu félags- og tryggingamálaráðuneytið velferðarráðuneytið og Hafnarfjarðarkaupstaður með sér samning um byggingu nýs 60 rýma hjúkrunarheimilis við Hádegisskarð samkvæmt svokallaðri leiguleið og er því ætlað að leysa af hólmi reksturinn á Sólvangi. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að heimilið yrði tekið í notkun á þessu ári en tafir hafa orðið á verkefninu. Undirbúningur vegna fyrirhugaðra framkvæmda stendur nú yfir og gera fyrirbyggjandi áætlanir sveitarfélagsins ráð fyrir að nýtt heimili geti tekið til starfa í ársbyrjun 2015.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og velferðarráðuneytisins þann 5. apríl sl. kom fram ósk bæjaryfirvalda um að byggja stærra hjúkrunarheimili en áformað er samkvæmt gildandi áætlun. Ráðuneytið hefur nú þegar lýst því yfir að góð rök séu fyrir því að endurmeta fyrirhugaðar framkvæmdir með mögulega fjölgun rýma að leiðarljósi til að efla þjónustu við aldraða á svæðinu. Af hálfu velferðarráðuneytisins er því hér með lýst yfir vilja til að reisa 80 rýma hjúkrunarheimili við Hádegisskarð í Hafnarfirði sem tekið geti til starfa í ársbyrjun 2015.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	23.4.2013
Málsnr:	130 41 71
Bréfal:	331

c. Rekstur dagbjálfunar fyrir fólk með heilabilun

Í byrjun janúar 2006 tók Drafnarhúsið til starfa, dagbjálfun fyrir fólk með heilabilun að Strandgötu 75 í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarbær lagði til húsnæði fyrir starfsemina og kostaði þær lagfæringar sem gera þurfti. Hafnarfjarðarbær hefur jafnframt séð um viðhald á húsnæði og garði, en reksturinn hefur verið í höndum Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma (FAAS).

Með erindi dagsettu 13. febrúar sl. tilkynnti stjórn FAAS Hafnarfjarðarbæ þá ákvörðun sína að félagið ætli að draga sig út úr rekstri dagbjálfa fyrir fólk með heilabilun og óskaði eftir viðræðum við sveitarfélagið um framtíð þjónustunnar. Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa lýst vilja sínum til að taka við rekstri dagbjálfunarinnar í Drafnarhúsi og eru reiðubúin til viðræðna við velferðarráðuneytið um yfirtöku á rekstrinum.

Árið 2008 veitti ráðuneytið heimild til rekstrar 7 rýma til hvíldarinnlagna fyrir einstaklinga með heilabilun í Drafnarhúsi. Af því tilefni tók Hafnarfjarðarbær á leigu húsnæði í sömu byggingu og hefur haft það á leigu síðan. Í kjölfar efnagshrunsins voru áformin sett til hliðar.

Aðilar lýsa hér með yfir vilja sínum til að vinna að því að Hafnarfjarðarbær geti tekið yfir ábyrgð á veitingu sértækrar þjónustu við fólk með heilabilun og lýsir velferðarráðuneytið yfir vilja til viðræðna við Hafnarfjarðarbæ um þróun starfseminnar, mögulega fjölgun dagbjálfunarrýma og eldri áform um heimild til reksturs hvíldarinnlagna.

d. Yfirfærsla málefna aldraða og heilsugæsla

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ítrekað lýst yfir vilja sínum til að taka yfir málaefni aldraða, sem og rekstur þess hluta heilbrigðisþjónustunnar sem telst til nærþjónustu. Hafa bæjaryfirvöld litið svo á að það sé forsenda þess að hægt verði að tryggja heildræna öldrunarþjónustu á svæðinu að fagleg stjórn stærstu og mikilvægustu þjónustupáttanna sé á einni hendi. Lýsir velferðarráðuneytið vilja til að vinna að aukinni samþættingu þjónustunnar samhliða yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga, meðal annars með endurskoðun á núverandi verkaskiptingu



Velferðarráðuneytinu,

23. apríl 2013


Guðbjartur Hannesson

velferðarráðherra

Vottar:



Guðrún Agústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar